

Nefndasvið Alþingis
b.t. atvinnuveganefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

6. febrúar 2015

Umsögn Samorku um tvær breytingartillögur við 244. mál, tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða (Hvammsvirkjun).

Tvær tillögur frá atvinnuveganefnd um málefni rammaáætlunar hafa verið sendar út til umsagnar, breytingartillögur við þingsályktunartillögu ráðherra (244. mál). Annars vegar er um að ræða tillögu meirihluta nefndarinnar um að auk Hvammsvirkjunar verði orkukostirnir Urriðafossvirkjun, Holtavirkjun, Skrokkölduvirkjun og Hagavatnsvirkjun færðir úr biðflokki í nýtingarflokk. Hins vegar er frávísunartillaga minnihluta nefndarinnar, þar sem lagt er til að málinu (Hvammsvirkjun) verði vísað til umhverfis- og auðlindaráðherra sem feli verkefnisstjórn að fjalla um kostinn.

Mælt með fleiri kostum í nýtingarflokk

Samorka styður tillögu meirihlutans um að fyrrnefndir fjórir orkukostir verði færðir úr biðflokki í nýtingarflokk. Samtökin leggja þó til að stærrí skref verði stigin og þrír kostir til viðbótar færðir úr biðflokki í nýtingarflokk, þ.e. Hágöngur I og II og Hólmsárvirkjun við Atley.

Alls voru sem kunnugt er sex þessara orkukosta færðir úr nýtingarflokki í biðflokk, að loknu faglegu ferli verkefnisstjórnar, með ákvörðun Alþingis þann 14. janúar 2013. Samorka beinir því enn og aftur til Alþingis að snúa aftur til faglegrar niðurstöðu fyrri verkefnisstjórnar og álykta um að allir þessir kostir verði nú færðir aftur í nýtingarflokk. Um er að ræða Hvammsvirkjun, Holtavirkjun, Urriðafossvirkjun, Hágönguvirkjun I og II og Skrokkölduvirkjun.

Þá gerir tillagan ráð fyrir að Hagavatnsvirkjun verði jafnframt færð úr biðflokki í nýtingarflokk, sem Samorka styður líkt og áður greinir. Samorka minnir á að Hagavatnsvirkjun og Hólmsárvirkjun við Atley höfðu þá sérstöðu við síðustu afgreiðslu rammaáætlunar, líkt og skýrt kom fram í ítarlegu nefndaráliði þáverandi meirihluta umhverfis- og samgöngunefndar (12. kafla), að umræddir tveir kostir fengu ekki

fullnægjandi mat í umfjöllun fyrri verkefnisstjórnar þar sem gögn um þá höfðu misfarist í forum verkefnisstjórnar. Báðir kostir voru engu að síður ofan við miðju (Hólmsá nr. 31 og Hagavatnsvirkjun nr. 34 frá sjónarhorni nýtingar) af 69 orkukostum sem raðað var í niðurstöðum 2. áfanga verkefnisstjórnar (í töflu 7.2). Ennfremur röðuðu fleiri fulltrúar í verkefnisstjórn báðum kostum í nýtingarflokk en í verndarflokk, í óformlegri könnun innan verkefnisstjórnar, þrátt fyrir að þá væri talið að gögn skorti um ákveðin atriði.

Í minnisblaði orkuskrifstofu iðnaðarráðuneytis, dags. 5. janúar 2012, kemur fram að í umsagnarferli þingsályktunartillögunnar hafi komið fram þær upplýsingar sem misfarist höfðu hjá verkefnisstjórninni. Ljóst sé að ekki sé ástæða til að ætla að Hagavatnsvirkjun rýri gildi svæðisins fyrir ferðamenn og jafnframt að virkjunin sé líkleg til að draga úr uppblæstri og sandfoki og auka á landgræðslu. Með framkvæmdinni sé verið að endurheimta fyrra horf Hagavatns og því þyki rétt að færa Hagavatnsvirkjun úr biðflokki í nýtingarflokk. Er þar með svarað þeim fyrirvörum sem gerðir voru af hálfu verkefnisstjórnar 2. áfanga, þar sem gögn höfðu misfarist.

Í sama minnisblaði segir, varðandi Hólmsárvirkjun við Atley, að ekki sé ástæða til að ætla að óvissa sé með áhrif framkvæmdarinnar á skóglendi eða hvar línulögn muni liggja. Líta beri svo á að gæði gagna séu fullnægjandi og því rök til að færa Hólmsárvirkjun við Atley úr biðflokki í nýtingarflokk. Er þar með svarað þeim fyrirvörum sem gerðir voru af hálfu verkefnisstjórnar 2. áfanga, þar sem gögn höfðu misfarist.

Í umsögn Samorku um tillögu ráðherra, dags. 6. nóvember 2014, er lagt til að lokið verði flýtimeðferð á framangreindum tveimur kostum, Hagavatnsvirkjun og Hólmsárvirkjun við Atley. Nú liggur fyrir að verkefnisstjórn hefur mjög takmarkaðan tíma til að fjalla um mikinn fjölda orkukosta sem Orkustofnun hefur nýverið lagt fram, og að lítið hefur miðað frá því í nóvember sl. Það er því mat Samorku að rétt sé að færa þessa tvo kosti, Hagavatnsvirkjun og Hólmsárvirkjun við Atley, úr biðflokki í nýtingarflokk. Ítrekað hefur komið fram að mistök áttu sér stað við umfjöllun um þessa kosti í fyrri verkefnisstjórn. Skýrt liggur fyrir að þau gögn sem talið var á vanta voru í raun komin fram og að umrædd gögn svara á jákvæðan hátt þeim spurningum sem talið var nauðsynlegt að svara af hálfu hluta fyrri verkefnisstjórnar. Ekki er að mati Samorku ástæða til að viðkomandi fyrirtæki á orkumarkaði þurfi að bíða enn fleiri ár eftir niðurstöðum um röðun viðkomandi orkukosta í nýtingarflokk, þegar fyrir liggur að um mistök var að ræða í upphafi og engar forsendur lengur fyrir þeim fyrirvörum sem gerðir voru.

Lagst gegn frávísunartillögu

Af umfjöllun um fyrri tillöguna leiðir af sjálfu sér að Samorka leggst gegn þeirri síðarnefndu, frávísunartillögu minnihlutans. Í greinargerð með tillögunni segir m.a. að

Ijóst sé að málsmeðferð meirihlutans sé eins langt frá því að stuðla að sátt um hvaða svæði skuli nýta og vernda eins og hugsast geti. Samorka vill í því sambandi minna á að öll sátt um ferli rammaáætlunar var rofin í tvöföldu ferli á vettvangi stjórnvalda eftir að verkefnisstjórn 2. áfanga rammaáætlunar skilaði sínum faglegu niðurstöðum í ágúst 2011. Fyrst rötuðu tólf orkukostir í átt frá nýtingu til verndar í lokuðu ferli innan tveggja ráðuneyta, síðar sex kostir með ákvörðun Alþingis. Alþingi fer að sjálfsgöðu með endanlegt ákvörðunarvald um röðun orkukosta í nýtingarflokk, biðflokk eða verndarflokk. En forsenda sáttar er að fylgt sé niðurstöðum úr faglegu ferli verkefnisstjórnar og að mati Samorku er löngu tímabært að hafin verði sú vegferð að snúa aftur í átt til faglegra niðurstaðna, aftur í átt til sáttar.

Að öðru leyti vísast til umsagna einstakra aðildarfyrirtækja Samorku.

Virðingarfyllst,



Guðstaf Adolf Skúlason
framkvæmdastjóri